

Sp. 67. Tillaga til þingsályktunar

um rannsókn á riðuveiki í sauðfé.

Flm.: Stefán Stefánsson, Bernharð Stefánsson, Einar Árnason,
Garðar Þorsteinsson, Erlendur Þorsteinsson.

Sameinað Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina, að hún láti þegar á þessu ári fara fram nákvæma rannsókn á hinni svokölluðu „riðuveiki“ í sauðfé, er nú geisar í Svarfaðardalshreppi í Eyjafjarðarsýslu.

Allur kostnaður af rannsókninni greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Um allmörg undanfarin ár hefir hin svokallaða „riða“ eða „riðuveiki“ gert meira og minna vart við sig í Svarfaðardal. Þykir eigi ástæða til að fara að lýsa veikinni hér, en geta má þess, að eigi er vitað, að nokkurri kind hafi batnað, er borið hefir glögg einkenni hennar.

Veikin hefir mjög gripið um sig 2 síðastl. ár, þar sem hún á þeim tíma hefir komið upp á 22 nýjum heimilum, en alls munu um 56 fjáreigendur í hreppnum eiga við hana að stríða. 750 fjár hefir fallið af völdum veikinnar s. l. 7 ár, og er þó sú tala eigi talin munu vera tæmandi af þeim, sem kunnugastir eru.

Ýmsir bændur eru þegar nær sauðlausir af völdum veikinnar. Aðrir hafa reynt

að skipta um stofn, en það virðist eigi bjarga. Enginn bóndi telur sig lengur óhultan fyrir þessari plágu.

Nokkrar tilraunir hafa þegar verið gerðar til að rannsaka og lækna veikina, en engan árangur hafa þær borið.

Fyrst eftir að veikin kom upp var leitað til Sig. E. Hlíðar dýralæknis. Mun hann hafa rannsakað veikina og krufið kindur, er fallnar voru úr henni, en eigi fundið nokkuð, er upplýst gæti, hve sjúkdómsorsök væri. Vorið 1935 leituðu Svarfðælir eftir aðstoð Búnaðarfélags Íslands til þess að fá frekari rannsókn á veikinni. Samkvæmt þeirri málaleitun kom próf. Niels Dungal norður sumarið 1935. Hafði hann þar stutta viðdvöl. Samkvæmt ósk hans voru honum sendar 3 veikar ær til rannsóknað haustið 1935 og 2 ær haustið eftir.

Samkvæmt beiðni próf. Lárusar Einarssonar í Árósum voru honum send til rannsóknað ýms líffæri úr tveim sjúkum ám s.l. sumar.

Í s. l. maimánuði skrifaði hreppsnefnd Svarfaðardalshrepps búnaðarmálastjóra og óskaði eftir aðstoð Búnaðarfélags Íslands um, að fram færu frekari rannsóknir á veikinni.

Allt það, er gert hefir verið til að rannsaka veikina eða fá henni aflétt á einhvern hátt, hefir engan árangur borið. Bændur og aðrir fjáreigendur standa því jafnráðalausir og áður fé sínu til varnar.

Þar sem nú veikin, svo sem áður getur, hefir komið upp á 22 nýjum heimilum 2 undanfarin ár, má fyllilega ætla, að hún eigi eftir að magnast frá því sem nú er. Þora nú bændur eigi lengur að setja lömb á vetur til að yngja upp stofninn, og er því augljóst, hvert stefnir um sauðfjarrækt bænda.

Þar sem nú veiki þessi er svo útbreidd sem um getur hér að framan og ætla má, að hún eigi eftir að magnast í framtíðinni, virðist eigi annað fyrir hendi en leita aðstoðar þings og stjórnar um, að rannsókn veikinnar verði tekin föstum tókum, ef gera á tilraun til að koma í veg fyrir, að fjárstofn bænda í Svarfaðardal hrynji niður, og eigi jafnframt að leitast við að fyrirbyggja þá hættu, sem óhjákvæmilega stafar af þessari illkynjuðu fjárpest fyrir nærliggjandi sveitir.